

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Bergþórugerði – breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. desember 2025 breytingu á deiliskipulagi við Bergþórugerði á Hvolsvelli. Með deiliskipulagsbreytingunni er verið að fjölga par- og raðhúsum í Bergþórugerði, ÍB9. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kirkjuhvolsreit – breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. desember 2025 breytingu á deiliskipulagi við Kirkjuhvolsreit. Deiliskipulagið heimilar sértækt íbúðarhúsnæði við Dalsbakka með sex íbúðum. Heildarbyggingarmagn er 600 m² og hámarkshæð mænis er 6,5 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. janúar 2026.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. janúar 2026